



# HAUSTDAGSKRÁ

**Krakkaklúbburinn Krummi** stendur fyrir fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá í hverjum mánuði þar sem kátum krökkum er boðið að fræðast um listaverkin í safneign Listasafns Íslands, skapa listaverk og leika sér í nærandi umhverfi. **Krakkaklúbburinn Krummi er fyrir börn á öllum aldri!**

Með stofnun krakkaklúbbsins vill Listasafn Íslands veita börnum og fjölskyldum þeirra tækifæri til þess að njóta góðra stunda saman á safninu. Dagskráin er vönduð og öllum er velkomið að taka þátt, sér að kostnaðarlausu.

Með Krakkaklúbbum Krumma vill Listasafn Íslands heiðra **Ásgerði Búadóttur** myndlistarmann með því að nota skemmtilegar og líflegar klippimyndir úr barnabókinni **Rauði hatturinn og krummi** eftir Ásgerði, sem innblástur og merki barnastarfsins.

Netfang: [mennt@listasafn.is](mailto:mennt@listasafn.is)  
Sími: 515-9600  
Fylgist með nýjustu fréttum á Facebook-síðu Listasafns Íslands  
[Facebook.com/listasafn.islands](https://www.facebook.com/listasafn.islands)



HÖNNUN OG UMBROT: HELGA GERÐUR MAGNÚSDÓTTIR / HG&M



Í Listasafni Íslands

2019

 LISTASAFN ÍSLANDS  
NATIONAL GALLERY OF ICELAND



LAUGARDAGINN 24. ÁGÚST KL. 15  
**DANSÐ MEÐ  
FJÁRSJÓÐI ÞJÓÐAR**

Menningarnótt í Listasafni Íslands. Krakkaklúbburinn Krummi kynnir spennandi haustdagskrá 2019 og við það tilefni munu nemendur Dansgarðsins flytja dansverk innan um listaverk safnsins. Einnig geta forvitnir spæjarar fengið fjársjóðskort og skoðað listaverk með fjölskyldum sínum.

LAUGARDAGANA  
14. OG 28. SEPTEMBER  
KL. 14 - 16  
**ERU LÁGMYNDIR  
LÁGAR?**

Listaverk Huldu Hákon veita innblástur til sköpunar lágmynda sem við búum til úr spýtum í allskonar litum! Hér fær ímyndunaraflið sannarlega lausan tauminn!

LAUGARDAGANA  
19. OG 26. OKTÓBER KL. 14 - 16  
**HEIMSPEKISPJALL  
BARNANNA**

Verk Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur eru ríkuleg uppspretta vangaveltna um hlutverk lita og tákna hjá listamönnum. Spjöllum saman á heimspekilegum



nótum, spyrjum spurninga, tölum um það sem við sjáum, hlustum og lærum!

Er svartur litur gleðinnar? eru listaverkin að senda okkur skilaboð? eru sögur á bak við listaverk?

**NÝTT! Táknmálstúlkur verður á staðnum 19. október.**

LAUGARDAGANA  
9. OG 23. NÓVEMBER KL. 14 - 16  
**TÖFRAR VATNSLITANNA**

Vatnslitasmiðja í anda Ásgríms Jónssonar. Möguleikar vatnslitanna eru margir! Komið og málið á safninu, skoðið falleg listaverk og kynnist um leið töfrum vatnslitanna.

LAUGARDAGINN 14. DESEMBER KL. 14 - 16  
**KORRIRÓ OG DILLIDÓ**

Þjóðsögustund í Safni Ásgríms Jónssonar. Álfar, draugar og tröll lifna við í þjóðsögunum okkar! Komið og hlustið og þjóðsögurnar í gömlu vinnustofu listmálarans Ásgríms Jónssonar við Bergstaðastræti 74.

**NÝTT! Táknmálstúlkur verður á staðnum.**

